



Hópfarferð á Rauða Hanann 2020

Landssamband Slökkviliðs og sjúkraflutningamanna auglýsir hér með hópfarferð á Rauða Hanann í Hannover 2020. Ferðatilhögun er að flogið verður út 15 júní til Hamborg og svo heim aftur 19 júní. Gist verður á Fora hótél sem er staðsett rétt norðan megin við miðbæinn það tekur smá tíma að taka lestina á sýningarsvæðið.

Þessi ferð er bæði hugsuð fyrir slökkviliðs-/sjúkraflutningamenn sem eru í aðal- og hlutastarfi.

Ferðin kemur til með að kosta ca. 180.000.- (miðað við gengi dagsins í dag). Innifalið í því er flug, rúta, hótél með morgunmat, miðar inná sýningarsvæðið og kvöld matur 1 kvöld. Starfsmenntunarsjóðurinn mun greiða ferðina niður um 70.000.- á einstakling í aðalstarfi og fyrir þá í hlutastarfi sem greiða 5.000.- eða meira, líkt og reglur sjóðsins segja til um.

Umsóknarfrestur er til 6 desember 2019.

Umsókn skal útfyllast á eftirfarandi formi.

<https://bit.ly/2WKmnfN>

Frekari upplýsingar eru gefnar upp í larusbj@lsos.is eða í síma 897-2952

Kveðja Fararstjórn

Lárus Steindór Björnsson

Úthlutunar reglur.

1. Sætin skiptast 45 í aðalstarfi og 25 í hlutastarfi nái ekki annar hópurinn að uppfylla í fyrstu umferð þá mega sætin færast á milli flokka.
2. Þeir sem ekki hafa farið síðustu 2 skipti fá fyrst úthlutað sætum.
3. Dregið úr potti ef fjöldinn er enn þá of mikill. (að viðstöddum fulltrúa skrifstofu LSS)
4. Starfsmenntunarsjóður styrkir hvern einstakling í fullu starfi um 70.000 en hlutastarfi um 70.000 fyrir þá sem borga meira en 5000 í sjóðinn síðasta árið og minna eftir því sem greiðsla til sjóðsins er minni saman ber reglur Starfsmenntunarsjóðs.